Nr. 6. 20. apríl.

Opið brjef

um að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vjer höfum í hyggju að sækja heim hans konunglegu tign stórhertogann af Mecklenborg-Schwerin setjum Vjer ríkisstjóra samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign Harald Christián Frederik, og hefur hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vjer komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. apríl 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Klaus Berntsen.

Nr. 7. 25. apríl.

Konungleg auglýsing

um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim komnir úr kynnisför Vorri til hans konunglegu tignar stórhertogans af Mecklenborg-Schwerin, kunngjörum Vjer hjer með Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer með opnu brjefi 20. þ. m. samkvæmt 1. grein í lögum nr. 25, 11. febr. 1871 höfðum falið bróður Vorum elskulegum, hans konunglegu tign Haraldi Christiáni Frederiki að hafa á hendi, sem ríkisstjóra, í fjærvist Vorri.

Gefið á Amalíuborg, 25. apríl 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Klaus Berntsen.